

86
16. júní

Samþykkt

um viðauka við byggingarsamþykkt fyrir Reykjavík

7. sept. 1903.

Framvegis má ekki byggja neitt hús í Reykjavíkurbæ úr öðru efni en steini eða steinsteypu, eða öðru efni, ekki ótraustara eða óeldtryggara, að dómi byggingarnefndar og bæjarstjórnar, nema þar sem opin bygging er, þ. e. þar sem hús eru ekki sett nær lóðarmörkum en 3,15 metrar, og minst 2 metrar frá götujaðri. Á slíkum stöðum skal heimilt að byggja járnvarin timburhús, sem eru ekki stærri en 75 fermetrar að grunnfleti og mega timburhús aldrei vera hærrí en tvílyft, og íbúð ekki á meira en tveim gólfum fyrir ofan kjallara.

Samþykkt þessi nær einnig til höfuðbreytinga á eldri timburhúsum og viðbóta við þau.

Þau ákvæði í byggingarsamþykktinni 7. sept. 1903, sem koma í bága við þessa samþykkt, eru úr gild numin.

Samþykkt þessi, er bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið og samþykkt, er hjermeð staðfest samkvæmt 5. gr. laga 13. sept. 1901, um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.

Í stjórnarráði Íslands, 16. júní 1915.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.